

Mál nr. 196/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Notkunarhugtak laga.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 29. janúar 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hún féll af hestbaki, utan í hægri hlið bifreiðarinnar A og þaðan á jörðina. Hafi atvik nánar tiltekið verið þau að þegar M steig á bak hestinum við hesthús sitt hafi bifreiðinni A verið ekið eftir veginum framhjá hesthúsinu. Við það hafi hesturinn fælst og tekið af stað út á veg með fyrrgreindum afleiðingum. Á grundvelli framangreinds hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A en þeirri kröfu hafi V hafnað með tölvupósti dags. 31. janúar 2022 á grundvelli þess að frumorsök slyssins yrði ekki rakin til notkunar ökutækis í skilningi laga nr. 30/2009 um ökutækjatrýggingar. M er ósammála þeirri afstöðu og vísar til þess að af ljósmyndum í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 29. janúar 2022, megi sjá hve nálægt aðliggjandi hesthúsum vegurinn sem A hafi verið ekið eftir sé. Hesturinn hafi fælst vegna hreyfingar og hávaða sem hlaust af notkun A og það sé ástæða þess að hann hafi látið óstýrilega þegar hún fór á bak. Þá rekur M að það séu hættueiginleikar ökutækja, þ.e. sem tengist fyrst og fremst hreyfingu og vélarafli þeirra, sem réttlæti þá víðtæku ábyrgð sem leiði af hinni hlutlægu ábyrgðarreglu. Ekki sé hins vegar þörf á snertingu við bifreið svo að tjón megi rekja til notkunar hennar og því skipti í raun ekki máli að M hafi lenti á bifreiðinni, enda sé frumorsök tjónsins að rekja til hennar óháð snertingu. Sé skilyrðum hinnar hlutlægu ábyrgðar á annað borð fullnægt skipti þá heldur ekki máli hvort meira eða minna tjón hafi hlotist af því að M lenti á A áður en hún hafnaði á jörðinni. Á grundvelli framangreinds fer M fram á bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna tjóns síns.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hin hlutlæga ábyrgðarregla 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar taki aðeins til tjóns sem rekja megi til notkunar ökutækis og sönnunarbyrði þess að slíkt orsakasamband sé fyrir hendi hvíli á M. Þegar litið sé til fyrirliggjandi gagna, þ.á.m. því sem haft sé eftir vitni í lögregluskýrslu svo og frásagnar M á bráðamóttöku, virðist liggja fyrir að fall M hafi orsakast af því að hesturinn hafi látið óstýrilega þegar hún steig á bak. Ekki hafi verið sýnt fram á að hesturinn hafi látið með þeim hætti vegna truflunar af völdum A. Tilviljun ein hafi þá ráðið því að M lenti á hlið A en ekki beint á jörðinni, og ekkert bendi til þess að aukin meiðsl hafi hlotist af því, heldur bendi gögn þvert á móti til þess að A hafi dregið úr falli hennar. M beri ekki aðeins sönnunabyrði þess að slysið verði rakið til notkunar ökutækis heldur einnig þess hvaða meiðsli nákvæmlega hafi hlotist af þeirri notkun.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða ógætni ökumanns. Það hvílir þó eftir sem áður á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé rakið til notkunar ökutækis. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi verið nýfarin á bak hestinum þegar hann hafi farið af stað út á veg. Haft er eftir eiginmanni M að hann hafi séð hestinn fara strax af stað og að honum hefði fundist eins og M næði ekki að halda í hann. Haft er eftir ökumanni A að hann hafi ekið á um 5-10 kílómetra hraða eftir hesthúsagötunni og hugst leggja A við hesthús þar þegar hann heyrði dynk og sá hest hlaupa meðfram bifreiðinni. Í bráðasjúkraskrá slysadeildar, dags. 29. janúar 2021, segir þá að hesturinn hafi hrokkið með M þegar hún var við það að stíga á bak honum. Af framangreindum frásögnum verður ekki fullyrt um hvað varð til þess að hesturinn tók skyndilega af stað. Liggur þá ekkert fyrir um að hreyfing A eða hljóð sem frá henni stöfuðu, er henni var ekið eftir því sem virðist vera hefðbundin akstursleið, hafi verið slík að meiri líkur en minni séu til að hestur M hafi fælst af þeim orsökum. Verður

M að bera hallann af sönnunarskortri hvað þetta varðar. Þar sem samkvæmt framansögðu er ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til notkunar A koma önnur atriði ágreinings aðila ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir